



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 15.03.2002.

Umsögn um frumvörp til laga nr. 549, 553 og 539 um opinberan stuðning við  
vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun og vísinda- og tækniráð.

### Almennt um frumvörpin

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fagnar því efla eigi vísindarannsóknir í landinu en lýsir jafnframt yfir áhyggjum að litið hafi verið fram hjá hagnýtum rannsóknum til að efla hefðbundið íslenskt atvinnulíf og þeim fórnað fyrir eflingu almennra rannsókna einstaklinga við háskóla. Hvorki er gert ráð fyrir sjávarútvegsráðherra né landbúnaðarráðherra í Vísinda- og tækniráði og í það vantar fleiri fulltrúa úr atvinnulífinu og úr rannsóknasamfélaginu utan háskólanna.

Núverandi kerfi hefur verið gagnrýnt fyrir mikið umfang og skriffinnsku miðað við þær lágu upphæðir sem um það hafa streymt. Í greinargerðum með frumvörpunum er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni heldur hafi fleiri aðilar möguleika á að sækja í það. Reynslan sýnir að kostnaður við gerð umsókna mun aukast, líkurnar á að fá styrki munu minnka og upphæðir styrkja lækka þannig að nýting fjármunum ríkisins til rannsókna mun enn minnka en ekki aukast eins og gengið er út frá. Eina leiðin til að hugmyndir frumvarpsins gangi upp er að auka fé til rannsókna. Þá útilokar frumvarpið núverandi rekstrarform verkefna hjá stofnunum ríkisins.

Í greinargerð er rætt um að sameinaður Vísindasjóður og Tæknisjóður muni styrkja rannsóknir samkvæmt skýrum kröfum um

vísindalegan framgang, birtingu og skil á vísindalegum niðurstöðum, hvort sem tilgangur er hagnýtur eða ekki. Hér eru hagnýtar rannsóknir fyrir íslensk smáfyrirtæki útilokaðar þar sem niðurstöður eru eign fyrirtækjanna og birting þeirra er óheimil. Það er alþekkt að í stórfyrirtækjum erlendis þar sem þróunardeildir geta verið með yfir eitt þúsund starfsmenn að hluti rannsókna þeirra eru birtar í vísindaritum. Þetta á einfaldlega ekki alltaf við hér á landi.

Stofnunin tekur undir auknar kröfur um vísindalegan árangur og hæfni, en hefur mikinn fyrirvara á svokölluðu einstaklingsákvæði. Gert er ráð fyrir að styrkja sjálfstæða einstaklinga, einstaklinga í rannsóknahópum og einstaklinga á stofnunum og hjá fyrirtækjum. En hæfir einstaklingar fá styrki meðal annars vegna þess umhverfis sem þeir starfa og þeirra mótframlaga sem stofnun eða fyrirtæki geta lagt til. Hvað gerist ef einstaklingur sem fær háan styrk hættir skyndilega störfum? Má þá annar hæfur einstaklingur taka við eða þarf að skila styrknum eða fylgir hann einstaklingnum hvert sem hann fer? Hvað er hæfur einstaklingur og hver á að meta hann? Jafningjamat sem einungis byggir á birtingu vísindalegra greina í erlend fagtímarit þýðir að stór hluti þeirra sem hafa fengið styrk úr tæknisjóði og skilað öðrum hagnýtum niðurstöðum er útilokaður. Auk þess hefur nýútskrifað fólk ekki enn birt mikið af

vísindagreinum og hefur þar af leiðandi ekki möguleika á styrkjum, sem er í mótsögn við þá stefnu að styðja ungt vísindafólk.

Ef frumvarpið um opinberan stuðning nær fram að ganga styrkir það vísindarannsóknir en skilur atvinnuvegarannsóknir eftir í fjársveldi. Mjög brýnt er því að styrkja aðkomu fyrirtækja og rannsóknastofnana að rannsóknasjóði og að tryggt verði að hann þjónusti bæði vísindarannsóknir, sem eru eðli málsins samkvæmt mest inni í háskólaumhverfinu, en ekki síður atvinnutengdar rannsóknir hjá fyrirtækjum og rannsóknastofnunum atvinnulífsins. Eins og sést á myndinni hér að neðan hafa Finnar lagt mikla áherslu á atvinnutengdar rannsóknir í gegnum sína sjóði. Myndin sýnir einnig hvað við höfum úr takmörkuðum fjármunum að spila.


## **Afleiðingarnar fyrir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**

### Frumvarp um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Í frumvarpinu eru boðaðar breytingar sem myndu bæta enn á fjárhagsvanda Rf. Á undanförunum árum hefur Rf fengið um 25-30 milljónir króna úr Tæknisjóði Rannís. Boðaðar breytingar myndu því valda miklum samdrætti í rannsóknum á eiginleikum og hagnýtingu sjávarfangs. Reikna má með um 15-20 milljón króna lækun styrkja þegar Tæknisjóður verður lagður niður. Tjónið verður mun meira því samlegðaráhrif

Virðingarfyllst,

f.h. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins,

  
Kristján B. Ólafsson, forstjóri.

Sjá meðf. mynd á næstu bls.

styrkjanna hafa verið mikil. Stofnunin yrði því að draga saman seglin og segja upp fjölda reyndra sérfræðinga auk þess sem ennþá lakara starfsumhverfi myndi að öllum líkindum fæla þá sérfræðinga sem eftir yrðu til annarra starfa. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er stofnun sem hefur stundað verulegar grunnrannsóknir á sviði fiskiðnaðar og ekki er fyrir séð hvornig þeim rannsóknum yrði háttáð í Háskóla Íslands.

### Frumvarp til laga um opinberan stuðning við rannsóknir og tækniþróun í þágu atvinnulífsins

Þetta er í raun afmarkað frumvarp um nýsköpunarmiðstöð á Iðntæknistofnun og stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki. Tækniþróunarsjóður á að annast þennan stuðning og fá til þess ný framlög af fjárlögum auk annara framlaga sem jafnmikil óvissa er um. Þessi sjóður er skyldari IMPRU en Tæknisjóði í núverandi mynd.

Vitnað hefur verið til “Finnska móðelsins” þegar frumvörpin hafa verið kynnt. Það kerfi verður aðlagð íslenskum aðstæðum með því að leggja niður Tæknisjóð og efla Impru og Átak til atvinnusköpunar. Með því hefur mikilvægasta þætti móðelsins verið sleppt. Þ.e. áherslunni á atvinnutengdar rannsóknir. Með því hefur hagsmunum sjávarútvegs, fiskvinnslu, landbúnaðar og innlendrar matvælavinnslu einnig verið fórnað fyrir þröngt skilgreindan og takmarkaðan stuðning við atvinnusköpun og byggðastefnu.

Samanburður á Íslandi og Finnlandi í lkr styrkir á hverja 100 þús. íbúa

